

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2009/32/EB

2011/EES/5/16

frá 23. apríl 2009

um samræmingu laga aðildarríkjanna um útdráttarleysa sem notaðir eru við framleiðslu matvæla og innihaldsefna í matvælum (*)

(endurútgefin)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS
HAGA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum
95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álit efnahags- og félagsmálanefndar
Evrópubandalaganna ⁽¹⁾,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr.
sáttmálans ⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Tilskipun ráðsins 88/344/EBE frá 13. júní 1988 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi leysiefni sem notuð eru við framleiðslu matvæla og efnisþátta sem notaðir eru við matvælavinnslu ⁽³⁾, hefur nokkrum sinnum verið breytt í veigamiklum atriðum ⁽⁴⁾. Þar sem um frekari breytingar verður að ræða er réttast að gefa hana út að nýju til glöggvunar.
- 2) Ósamræmi í landslögum milli aðildarríkjanna varðandi útdráttarleysa hindrar frjálsa flutninga matvæla og kann að leiða til ójafnra samkeppnisskilyrða sem hefur bein áhrif á starfsemi innri markaðarins.
- 3) Því er nauðsynlegt að samræma þessi lög ef koma skal á frjálsum flutningum matvæla.

- 4) Í reglum um útdráttarleysa til notkunar í matvælum ber umfram allt að hafa í huga kröfur um að vernda heilbrigði manna, en einnig efnahagslegar og tæknilegar þarfir sem samrýmast kröfum um heilsuvernd.
- 5) Í slíkri samræmingu skal felast að ein skrá sé gerð yfir útdráttarleysa fyrir tilreiðslu á matvælum eða innihaldsefnum matvæla. Einnig ber að tilgreina almenn skilyrði um hreinleika.
- 6) Þegar útdráttarleysar eru notaðir ber, samkvæmt góðum framleiðsluháttum, að fjarlægja allan eða mestan hluta leysislefanna úr matvælunum eða innihaldsefnum þeirra.
- 7) Við slíkar aðstæður kunna að fyrirfinnast efnaleifar eða afleiður í endanlegu matvælunum eða innihaldsefnum þeirra, án þess að ráð hafi verið fyrir því gert, vegna þess að það var tæknilega óhjákvæmilegt.
- 8) Þrátt fyrir að almennar tilteknar takmarkanir séu gagnlegar er ekki þörf á að setja þau fyrir efni sem eru talin upp í I. hluta I. viðauka og eru viðurkennd vegna þess að þau teljast neytendum hættulaus þegar þau eru notuð samkvæmt góðum framleiðsluháttum.
- 9) Setja verður skilyrði fyrir notkun annarra útdráttarleysa sem eru taldir upp í II. og III. hluta I. viðauka og fyrir leyfilegum hámarksgildum leifa í matvælum og innihaldsefnum þeirra, með hliðsjón af almennri heilsuvernd.
- 10) Setja ber sérstök hreinleikaskilyrði um útdráttarleysa og ákveða aðferðir við greiningu og sýnatöku á útdráttarleysum í og á matvælum.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 141, 6.6.2009, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 41/2010 frá 30. apríl 2010 um breytingu á II viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 37, 15.7.2010, bls. 8.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 224, 30.8.2008, bls. 87.

⁽²⁾ Álit Evrópuþingsins frá 23. september 2008 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 23. mars 2009.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 157, 9. 7. 1988, bls. 28.

⁽⁴⁾ Sjá A-hluta II. viðauka.

- 11) Leiði nýjar upplýsingar í ljós að notkun útdráttarleysis sem kveðið er á um í þessari tilskipun stofni heilbrigði manna í hættu, þer að gera aðildarríkjunum kleift að stöðva notkun þess um tíma eða takmarka notkun þess, eða lækka gildandi mörk þar til ákvörðun verður tekin innan Bandalagsins.
- 12) Nauðsynlegar ráðstafanir til að koma þessari tilskipun í framkvæmd skulu samþykktar í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ⁽¹⁾.
- 13) Framkvæmdastjórninni skal einkum falið umboð til að breyta skránni yfir útdráttarleysa sem er heimilt að nota við vinnslu á hráefnum, matvælum, efnisþáttum í matvælum eða innihaldsefnum matvæla, ásamt forskriftinni fyrir notkunarskilyrðum þeirra og hámarksgildum leifa, og samþykka sérstök hreinleikaskilyrði fyrir útdráttarleysa og þær greiningaraðferðir sem þykja nauðsynlegar til að ganga úr skugga um að almennum og sérstökum hreinleikaskilyrðum sé fylgt, auk aðferða við sýnatöku og greiningu á útdráttarleysum í og á matvælum. Þar eð þessar ráðstafanir eru almenns eðlis og þeim er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar tilskipunar, m.a. með því að bæta við hana nýjum, veigalitlum þáttum, skulu þær samþykktar í samræmi við stjórnsýslumálsmeðferð með eftirliti sem kveðið er á um í 5. gr. a í ákvörðun 1999/468/EB.
- 14) Með skírskotun til skilvirkni skal sá frestur sem almennt gildir fyrir stjórnsýslumálsmeðferð með eftirliti stytur að því er varðar að samþykka breytingar á skránni yfir útdráttarleysa sem er heimilt að nota við vinnslu á hráefnum, matvælum, efnisþáttum í matvælum eða innihaldsefnum matvæla, ásamt forskriftinni fyrir notkunarskilyrðum þeirra og hámarksgildum leifa, og til að samþykka sérstök hreinleikaskilyrði fyrir útdráttarleysa.
- 15) Ef málefnið er svo brýnt að ekki er hægt að standa við þann frest sem almennt gildir fyrir stjórnsýslumálsmeðferð með eftirliti, einkum ef um er að ræða hættu sem steðjar að heilbrigði manna, skal framkvæmdastjórnin geta beitt flýtimeðferðinni sem kveðið er á um í 6. mgr. 5. gr. a í ákvörðun 1999/468/EB, við að samþykka breytingar á skránni yfir útdráttarleysa sem er heimilt að nota við vinnslu á hráefnum, matvælum, efnisþáttum í matvælum eða innihaldsefnum matvæla, ásamt forskriftinni fyrir notkunarskilyrðum þeirra og hámarksgildum leifa og við að samþykka sérstök hreinleikaskilyrði fyrir útdráttarleysa, sem og við að samþykka breytingar á þessari tilskipun, ef í ljós kemur að notkun einhvers þeirra efna sem talin eru upp í I. viðauka, eða ef magn eins eða fleiri þeirra efnisþátta sem um getur í 3. gr. og slík efni innihalda, kann að stofna heilbrigði manna í hættu, jafnvel þótt slíkt samræmist skilyrðum sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.
- 16) Nýju atriðin, sem innleidd eru í þessari tilskipun, varða einungis nefndarmeðferðina. Þar af leiðandi þurfa aðildarríkin ekki að lögleiða þau.
- 17) Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á skuldbindingar aðildarríkjanna varðandi fresti þeirra til að lögleiða tilskipanirnar, sem eru tilgreindar í B-hluta II. viðauka.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

1. Þessi tilskipun gildir um útdráttarleysa sem eru notaðir eða ætlaðir til notkunar við framleiðslu matvæla eða innihaldsefna matvæla.

Þessi tilskipun gildir ekki um útdráttarleysa sem notaðir eru við framleiðslu aukefna í matvælum, vítamína og annarra viðbættra næringarefna, nema viðkomandi aukefni í matvælum, vítamín og viðbætt næringarefni séu talin upp í I. viðauka.

Þó skulu aðildarríkin tryggja að notkun aukefna í matvælum, vítamína og annarra viðbættra næringarefna leiði ekki til þess að matvæli innihaldi leifar útdráttarleysa í þeim mæli að heilbrigði manna stafi hætta af.

Tilskipun þessi skal gilda með fyrirvara um ákvæði sem samþykkt hafa verið samkvæmt sértækari reglum Bandalagsins.

2. Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „leysir“: efni til að leysa upp matvæli eða einhvern efnisþátt þeirra, þar með talin aðskotaefni sem fyrirfinnast í eða á þeim matvælum,
- b) „útdráttarleysir“: leysir sem er notaður við útdrátt við vinnslu á hráefnum, matvælum, efnisþáttum eða innihaldsefnum þeirra og sem síðan er fjarlægður, en efnaleifar eða afleiður kunna að fyrirfinnast í matvælunum eða innihaldsefnum þeirra án þess að gert hafi verið ráð fyrir því, vegna þess að annað var tæknilega óhjákvæmilegt.

⁽¹⁾ Stjótd. EB L 184, 17. 7. 1999, bls. 23.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu heimila að efni sem talin eru upp í I. viðauka séu notuð sem útdráttarleysar við framleiðslu á matvælum eða innihaldsefnum þeirra samkvæmt notkunarskilyrðum og, þar sem við á, innan þeirra marka sem eru tilgreind sem hámarksþágð leifa í þeim viðauka.

Aðildarríkjunum er ekki heimilt að banna, takmarka eða koma í veg fyrir setningu matvæla eða innihaldsefna þeirra á markað vegna þeirra útdráttarleysa eða leifa af þeim ef þau eru í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar.

2. Aðildarríkin skulu ekki heimila að önnur efni séu notuð sem útdráttarleysar eða láta notkunarskilyrði eða heimilaðar leifar útdráttarleysa sem talin eru upp í I. viðauka taka til annarra efna en þeirra sem þar eru tilgreind.

3. Vatn, sem efnum til að jafna sýru- eða basastig kann að hafa verið bætt í, og önnur efni í matvælum sem hafa eiginleika leysa er heimilt að nota sem útdráttarleysa við framleiðslu á matvælum eða innihaldsefnum þeirra.

3. gr.

Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að efnin sem talin eru upp sem útdráttarleysar í I. viðauka uppfylli eftirfarandi skilyrði um hreinleika:

- a) þau skulu ekki innihalda eiturefni í þeim mæli að hætta kunni að stafa af,
- b) með fyrirvara um undanþágu frá hinum sérstöku skilyrðum um hreinleika sem um getur í d-lið 4. gr. skulu þau ekki innihalda meira en 1 mg/kg af arseni eða meira en 1 mg/kg af blýi,
- c) þau skulu uppfylla hin sérstöku hreinleikaskilyrði sem eru ákvörðuð í samræmi við d-lið 4. gr.

4. gr.

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja eftirfarandi:

- a) nauðsynlegar breytingar á I. viðauka í ljósi vísinda- og tækniframfara að því er varðar leysa, notkunarskilyrði þeirra og hámarksgildi leifa,

- b) nauðsynlegar greiningaraðferðir til að sannreyna hvort þau almennu og sérstöku skilyrði um hreinleika sem um getur í 3. gr. séu virt,

- c) hvernig taka skuli sýni og aðferðir fyrir eigindlega og megindlega greiningu útdráttarleysa sem talin eru upp í I. viðauka og eru notaðir í matvæli eða efnisþætti þeirra.

- d) ef þörf krefur, þau sérstöku hreinleikaskilyrði fyrir útdráttarleysa sem talin eru upp í I. viðauka, einkum leyfilegt hámark kvikasilfurs og kadmíums.

Ráðstafanirnar, sem um getur í b- og c-lið fyrstu undirgreinar, og ætlaðar eru til að breyta veigalitlum þáttum þessarar tilskipunar, m.a. með því að bæta við hana, skulu samþykktar í samræmi við málsmeðferð í stjórnarsýslunni með athugun, sem um getur í 2. mgr. 6. gr.

Ráðstafanirnar, sem um getur í a- og d-lið fyrstu undirgreinar, og ætlaðar eru til að breyta veigalitlum þáttum þessarar tilskipunar, m.a. með því að bæta við hana, skulu samþykktar í samræmi við málsmeðferð í stjórnarsýslunni með athugun, sem um getur í 3. mgr. 6. gr.

Samþykking skal ráðstafanirnar í a- og d-lið fyrstu undirgreinar þessarar greinar, eftir þá vís sem við á, í samræmi við flýtimeðferðina sem um getur í 4. mgr. 6. gr.

5. gr.

1. Hafi aðildarríki, vegna nýrra upplýsinga sem komið hafa fram eða vegna endurmats á fyrirliggjandi upplýsingum frá því að þessi tilskipun var samþykkt, gild rök til að ætla að notkun efna í matvæli, sem talin eru upp í I. viðauka, eða að magn eins eða fleiri efnisþátta sem um getur í 3. gr. og slík efni innihalda, kunni að stofna heilbrigði manna í hættu, jafnvel þótt í samræmi sé við þessa tilskipun er því heimilt að fella umrædd ákvæði tímabundið úr gildi eða takmarka beitingu þeirra á yfirráðasvæði sínu. Það skal án tafar tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni þar um og rökstyðja ákvörðun sína.

2. Framkvæmdastjórnin skal kanna eins fljótt og unnt er þau rök sem hlutaðeigandi aðildarríki færir fram og hafa samráð við nefndina sem um getur í 1. mgr. 6. gr., og hún skal síðan skila álit sínu án tafar og gera videigandi ráðstafanir sem geta komið í stað þeirra ráðstafana sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar.

3. Telji framkvæmdastjórnin breytingar á þessari tilskipun nauðsynlegar til að leysa þann vanda sem minnst er á í 1. mgr. og til að tryggja heilbrigði manna skal hún samþykkja þessar breytingar.

Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar tilskipunar, skulu samþykktar í samræmi við þ á flýtimeðferð sem um getur í 4. mgr. 6. gr.

Aðildarríkinu sem hefur samþykkt varúðarráðstafanir er í þessu tilviki heimilt að viðhalda þeim uns breytingarnar hafa öðlast gildi á yfirráðasvæði þess.

6. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra, sem komið var á fót með 58. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla⁽¹⁾.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 1.–4. mgr. 5. gr. a og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

3. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 1.–4. mgr. og b-liður 5. mgr. 5. gr. a og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Frestirnir, sem mælt er fyrir um í c-lið 3. mgr. og b- og e-lið 4. mgr. 5. gr. a í ákvörðun 1999/468/EB, skulu vera tveir mánuðir, einn mánuður og tveir mánuðir, í þeirri röð.

4. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 1., 2., 4. og 6. mgr. 5. gr. a og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

7. gr.

1. Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að ekki sé heimilt að setja á markað efnin sem talin eru upp í I. viðauka og eru ætluð til notkunar sem útdráttarleysar í matvælum, nema á umbúðum, flátum og merkimiðum séu eftirfarandi upplýsingar og skulu þær vera vel sýnilegar, auðlæsilegar og óafmáanlegar:

a) verslunarheiti eins og það er gefið upp í I. viðauka,

b) skýr ábending um að efnið henti, hvað gæði varðar, við útdrátt á matvælum eða innihaldsefnum þeirra,

c) tilvísun sem gerir kleift að bera kennsl á framleiðslulotuna,

d) heiti eða fyrirtækjaheiti og heimilisfang framleiðanda, pakkanda eða seljanda með staðfestu í Bandalaginu,

e) nettómagn gefið upp sem rúmmálseiningar,

f) ef nauðsyn krefur, sérstök geymslu- eða notkunarskilyrði.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. er heimilt að upplýsingarnar sem tilgreindar eru í c-, d-, e- og f-lið í þeirri málsgrein komi eingöngu fram í viðskiptaskjölum varðandi framleiðslulotuna sem látin skulu í té fyrir eða við afhendingu.

3. Þessi grein er með fyrirvara um nánari eða víðtækari ákvæði Bandalagsins varðandi vigt og mælingar eða ákvæði sem gilda um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna og efnablanda.

4. Aðildarríkin skulu varast að setja nánari reglur en þær sem mælt er fyrir um í þessari grein um hvernig skuli veita upplýsingarnar.

Aðildarríkjunum ber þó að tryggja að sala á útdráttarleysum sé bönnuð á yfirráðasvæði þeirra ef upplýsingarnar sem kveðið er á um í þessari grein eru ekki á tungumáli sem kaupandi hefur á valdi sínu, nema aðrar ráðstafanir hafi verið gerðar til þess að kaupandi fái þessar upplýsingar á annan hátt. Þetta ákvæði kemur ekki í veg fyrir að þessar upplýsingar séu gefnar á mörgum tungumálum.

8. gr.

1. Tilskipun þessi gildir einnig um útdráttarleysa sem eru notaðir eða ætlaðir til notkunar við framleiðslu matvæla eða innihaldsefna matvæla sem eru flutt inn í Bandalagið.

⁽¹⁾ Stjótd. EB L 31, 29. 11. 2002, bls. 1.

2. Þessi tilskipun gildir ekki um útdráttarleysa eða matvæli sem eru ætluð til útflutnings til landa utan Bandalagsins.

9. gr.

Tilskipun 88/344/EB, eins og henni var breytt með gerðum sem eru taldar upp í A-hluta II. viðauka, er felld úr gildi með fyrirvara um skuldbindingar aðildarríkjanna að því er varðar fresti til lögleiðingar tilskipananna, eins og segir í B-hluta II. viðauka, í aðildarríkjunum.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipunina sem tilvísanir í þessa tilskipun og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartölflunni í III. viðauka.

10. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

11. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 23. apríl 2009.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

H.-G. PÖTTERING

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

P. NEČAS

forseti.

I. VIÐAUKI

HEIMILAÐIR ÚTDRÁTTARLEYSAR VIÐ VINNSLU Á HRÁEFNUM, MATVÆLUM, EFNISÞÁTTUM Í MATVÆLUM EÐA INNIHALDSEFNUM ÞEIRRA

I. HLUTI

Útdráttarleysar til alhliða nota, notaðir í samræmi við góða framleiðsluhætti ⁽¹⁾

Heiti:

Própan

Bútan

Etýlasetat

Etanól

Koltvísýringur

Aseton ⁽²⁾

Nituroxíð

⁽¹⁾ Útdráttarleysir telst notaður í samræmi við góða framleiðsluhætti ef eftir notkun fyrirfinnst einungis leifar eða afleiður sem tæknilega var óhjákvæmilegt að yrðu eftir og heilbrigði manna stafar engin hætta af.

⁽²⁾ Óheimilt er að nota asetón við hreinsun ólífuhrotalífu.

II. HLUTI

Útdráttarleysar notaðir samkvæmt sérstökum skilyrðum

Efnaheiti	Notkunarskilyrði (stutt lýsing á útdrættinum)	Hámarksgildi leifa í matvælum, sem fengin eru með útdrætti, eða innihaldsefnum þeirra
Hexan ⁽¹⁾	Framleiðsla og þætting á fitum og olíum og framleiðsla á kakósmjöri	1 mg/kg í fitunni, olfunni eða kakósmjöri
	Tilreiðsla á fitusneyddum prótínafurðum og fitusneyddu mjöli	10 mg/kg í matvælum sem innihalda fitusneyddar prótínafurðir og fitusneytt mjöl
		30 mg/kg í fitusneyddu sojaafurðunum eins og þær eru seldar til neytenda
	Tilreiðsla á fitusneyddu kornkími	5 mg/kg í fitusneydda kornkíminu
Metýlasetat	Koffínsneyðing eða fjarlæging ertandi efna eða beiskjuefna úr kaffi og tei	20 mg/kg í kaffinu eða teinu
	Framleiðsla sykurs úr melassa	1 mg/kg í sykrunum
Etýlmetýlketón ⁽²⁾	Þætting á fitum og olíum	5 mg/kg í fitunni eða olfunni
	Koffínsneyðing eða fjarlæging ertandi efna eða beiskjuefna úr kaffi og tei	20 mg/kg í kaffinu eða teinu
Díklórmetan	Koffínsneyðing eða fjarlæging ertandi efna eða beiskjuefna úr kaffi og tei	2 mg/kg í brennda kaffinu og 5 mg/kg í teinu
Metanól	Til alhliða notkunar	10 mg/kg
Própan-2-ól	Til alhliða notkunar	10 mg/kg

⁽¹⁾ Hexan merkir verslunarvöru sem samanstandur aðallega af keðjulaga mettuðum vetniskolefnum sem innihalda sex kolefnisatóm og eimast á milli 64 °C og 70 °C. Samþætt notkun hexans og etýlmetýlketóns er bönnuð.

⁽²⁾ Innihald n-hexans í þessum leysi skal ekki fara yfir 50 mg/kg. Samþætt notkun hexans og etýlmetýlketóns er bönnuð.

III. HLUTI

Útdráttarleysar notaðir samkvæmt sérstökum skilyrðum

Efnaheiti	Hámarksgráði leifa í matvælum vegna notkunar á útdráttarleysum við tilreiðslu á bragðefnum úr náttúrulegum bragðefnum.
Dítýleter	2 mg/kg
Hexan (1)	1 mg/kg
Sýklóhexan	1 mg/kg
Metýlasetat	1 mg/kg
Bútan-1-ól	1 mg/kg
Bútan-2-ól	1 mg/kg
Etýlmetýlketón (1)	1 mg/kg
Díklórmetan	0,02 mg/kg
Própan-1-ól	1 mg/kg
1,1,1,2-tetraflúoretan	0,02 mg/kg

(1) Samþætt notkun hexans og etýlmetýlketóns er bönnuð.

II. VIÐAUKI

A-HLUTI

Niðurfelld tilskipun með skrá yfir síðari breytingar hennar

(sem um getur í 9. gr.)

Tilskipun ráðsins 88/344/EBE

(Stjttíð. EB L 157, 16. 6. 1988, bls. 28)

Tilskipun ráðsins 92/115/EBE

(Stjttíð. EB L 409, 31. 12. 1992, bls. 31)

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/52/EB

(Stjttíð. EB L 331, 21.12.1994, bls. 10)

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/60/EB

(Stjttíð. EB L 331, 3.12.1997, bls. 7)

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1882/2003

Aðeins 9. liður III. viðauka.

(Stjttíð. EB L 284, 31.10.2003, bls. 1)

B-HLUTI

Frestur til lögleiðingar í aðildarríkjunum

(sem um getur í 9. gr.)

Tilskipun	Frestur til lögleiðingar
88/344/EBE	13. júní 1991
92/115/EBE	a. 1. júlí 1993 b. 1. janúar 1994 ⁽¹⁾
94/52/EB	7. desember 1995
97/60/EB	a. 27. október 1998 b. 27. apríl 1999 ⁽²⁾

⁽¹⁾ Í samræmi við 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 92/115/EBE: „Aðildarríkin skulu breyta lögum sínum og stjórnáslufyrirmælum þannig að þau:
— heimili viðskipti með vörur, sem samræmast ákvæðum þessarar tilskipunar, eigi síðar en 1. júlí 1993,
— banni viðskipti með vörur sem samræmast ekki ákvæðum þessarar tilskipunar frá og með 1. janúar 1994.“

⁽²⁾ Í samræmi við 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 97/60/EBE:
„Aðildarríkin skulu breyta lögum sínum og stjórnáslufyrirmælum þannig að:
— viðskipti með vörur sem eru í samræmi við ákvæði tilskipunar 88/344/EBE, eins og henni er breytt með þessari tilskipun, séu heimilud eigi síðar en 27. október 1998,
— viðskipti með vörur sem eru í ósamræmi við ákvæði tilskipunar 88/344/EBE, eins og henni er breytt með þessari tilskipun, séu bönnuð frá 27. apríl 1999. Vörur sem hafa verið settar á markað eða merktar fyrir þann dag og eru ekki í samræmi við tilskipun 88/344/EBE, eins og henni er breytt með þessari tilskipun, mega þó vera á markaði þar til birgðir eru uppunar.“

III. VIÐAUKI

Samsvörunartafla

Tilskipun 88/344/EBE	Þessi tilskipun
1. mgr. 1. gr.	1. mgr. 1. gr.
1. mgr. 3. gr.	1. mgr. 2. gr.
2. mgr. 1. gr.	2. mgr. 1. gr.
2. mgr. 2. gr.	2. mgr. 2. gr.
2. mgr. 3. gr.	—
4. mgr. 2. gr.	2. mgr. 3. gr.
3. gr.	3. gr.
4. gr.	4. gr.
5. gr.	5. gr.
6. mgr. 1. gr.	6. mgr. 1. gr.
6. mgr. 2. gr.	—
3. mgr. 6. gr.	—
—	2. mgr. 6. gr.
—	3. mgr. 6. gr.
—	4. mgr. 6. gr.
7. gr.	7. gr.
8. gr.	8. gr.
9. gr.	—
—	9. gr.
—	10. gr.
10. gr.	11. gr.
Viðauki	I. viðauki
—	II. viðauki
—	III. viðauki